

Ásgeir Þór Árnason hrl.
Elvar Örn Unnsteinsson hrl.
Lúðvík Örn Steinarrson hrl.
Magnús Guðlaugsson hrl.
Magnús Óskarsson hdl., LL.M.



MINNISBLAÐ

Til: Bæjarstjóra Garðabæjar.
Frá: Lögmál ehf. / Ásgeir Þór Árnason hrl.
Dags: 3. desember 2015.
Efni: Málefni hjúkrunarheimilisins Ísafoldar.

Til skrifstofu okkar hefur leitað bæjarstjóri Garðabæjar og falið okkur að skoða lögfræðilega hlið málefna hjúkrunarheimilisins Ísafoldar og til hvaða úrræða Garðabær geti gripið, vegna þess að þeir fjármunir sem runnið hafa til heimilisins úr ríkissjóði duga ekki til rekstursins og ekkert bendir til að fyrirsjáanlega muni þar úr rætast.

Lögmál ehf. hefur, að ósk bæjarstjóra, ritað Kristjáni Þór Júlíussyni, heilbrigðisráðherra, bréf og krafist þess að nægjanlegt fé verði lagt til reksturs Ísafoldar, auk þess sem krafist var greiðslu fyrir eldri rekstrartímabil hjúkrunarheimilisins. Sú kröfufjárhæð var grundvölluð á úttekt KPMG, sem framkvæmd var að beiðni bæjaryfirvalda í Garðabæ á fjárhagslegum rekstri Ísafoldar. Í bréfinu var ráðuneytinu veittur frestur til svara, eða viðbragða við framkomnum kröfum til 15. nóvember sl. Ekkert svar hefur enn borist vegna erindisins.

Á fundi með bæjarstjóra Garðabæjar sem haldinn var þann 23. nóvember sl. greindum við frá því að það væri mat okkar að Garðabær stæði frammi fyrir því að taka ákvörðun um framhald málsins og að við teldum fjóra möguleika í stöðunni, hvort sem tekin væri ákvörðun um einn eða fleiri þeirra. Möguleikar til framhalds málsins eru að okkar mati eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi að aðhafast ekkert frekar að sinni og bíða eftir endurskoðun Sjúkratrygginga Íslands á daggjaldakerfinu.
2. Í öðru lagi að Garðabær ákveði að hætta rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar.
3. Í þriðja lagi að óska eftir dómkvaðningu matsmanns/matsmanna fyrir héraðsdómi. Slík dómkvaðning yrði þá til undirbúnings málsóknar á hendur íslenska ríkinu, þar sem krafist yrði skaðabóta vegna þess að íslenska ríkið hafi ekki greitt eðlilegt rekstrarframlag með hjúkrunarheimilinu, eins og Garðabær mátti gera ráð fyrir að gert yrði, þegar samið var um byggingu þess. Niðurstaða slíkrar matsgerðar gæti síðan undirbyggt endanlega kröfugerð bæjarins á hendur íslenska ríkinu.
4. Í fjórða lagi að stefna íslenska ríkinu nú þegar fyrir héraðsdóm og krefja ríkið um greiðslu skaðabóta (sbr. lið 3 hér að ofan) og áskilja í slíkri stefnu Garðabæ rétt til þess að láta dómkveða matsmann/matsmenn undir rekstri málsins til þess að undirbyggja frekar kröfur bæjarins í málarekstrinum ef varnir íslenska ríkisins í málinu væru með þeim hætti að fjárfrafa sú sem sett yrði fram sem dómkrafa í málinu, yrði dregin í efa.

Undirritaður, ásamt bæjarstjóra og Ingibjörgu Valgeirsdóttur, forstöðumanni Ísafoldar, áttum fund með Steingrími Ara Arasyni, forstjóra Sjúkratrygginga Íslands, ásamt þremur starfsmönnum hans, þann 27. nóvember sl. Á fundinum kom fram hjá forstjóranum að endurskoðun stæði yfir á daggjaldakerfinu en vinnan við endurskoðunina gengi hægt. Þá fullyrti forstjórinn að mögulegar breytingar á daggjaldakerfinu myndu ekki hafa í för með sér að fullt rekstrarfé fengist til reksturs Ísafoldar miðað við skýrslu KPMG um rekstur hjúkrunarheimilisins. Lýsti forstjórinn einnig þeirri skoðun sinni að lög stæðu ekki til þess að Garðabær gæti krafist ríkið um greiðslu rekstrarkostnaðar fyrir eldri tíð og að hann teldi að á slíka kröfu yrði þannig ekki fallist af dómstólum. Þá kvað forstjórinn það ekki vera hlutaverk Sjúkratrygginga Íslands að koma fram fyrir hönd íslenska ríkisins við mögulega yfirtöku þess á rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar, ef Garðabær hygðist hætta rekstri þess. Benti forstjórinn á ráðuneyti velferðarmála í því sambandi.

Í kjölfar fundarins hafði undirritaður samband við Svein Magnússon, skrifstofustjóra heilbrigðisþjónustu í velferðarráðuneytinu þar sem var óskað eftir fundi undirritaðs ásamt bæjarstjóra Garðabæjar, með starfsmönnum ráðuneytisins. Þessa var fyrst farið á leit með tölvupósti þann 27. nóvember sl. og áréttað símleidis með símtali þann 1. desember sl. Var skrifstofustjóranum kynnt það erindi, að Garðabær hygðist hætta rekstri hjúkrunarheimilisins og vildi ganga til samninga við ráðuneytið um það hvernig að yfirtöku yrði staðið. Áréttað var að erindið væri brýnt, þar sem ekki væru fjárveitingar ætlaðar til rekstur hjúkrunarheimilisins af hálfu Garðabæ, nema fyrstu þrjá mánuði næsta árs. Skrifstofustjórinn lofaði að boðað yrði til fundar án þess að hann byði fram fundartíma. Fundarbeiðnina ítrekaði undirritaður í tölvupósti í gær.

Reykjavík, 3. desember 2015

F.h. Lögsmáls ehf.



Asgeir Þór Arnason hrl.